

ÞJÓÐVILJINN

Útgefandi: Samanhangsflokkur alþýðu — Sósíalístaflokkurinn. — Ritstjórnir: Magnús Kjartansson (ab.), Magnús Torfi Ólafsson, Sigurður Guðmundsson. — Prentaritjórnir: Ívar H. Jónsson, Jón Bjarnason. — Auglýsingastjóri: Guðgeir Magnússon. — Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar, prentamiðja: Skólavörðust. 19. Sími 17-800 (5 línur). Askritarverð kr. 55.00 á mánu. — Lausabréfið kr. 3.00. Prentamiðja Þjóðviljans h.f.

Skotmark en ekki vernd

Er nokkurri þjóð vernd í því á síðari hluta tuttugustu aldar að lána hernaðarstórveldi land sitt undir herstöðvar? Stjórnmalamennirnir sem misnotað hafa pólitísk völd til að lána Bandaríkjunum íslenskt land undir herstöðvar hafa svarað þeirri spurningu játandi. Og þeir hafa gert meira. Forystumenn herstöðvaflokkanna íslensku hafa byggt á því rökstuðning sinn og réttlætingu að með því móti einu, að hernaðarstórveldi hefði hér herstöðvar, gæti íslenska þjóðin tryggt sér vernd í vondum heimi.

Andstæðingar herstöðva á Íslandi hafa svarað spurningunni neitandi. Sósíalístaflokkurinn og Alþýðubandalagið og hin ungu samtök hernámsandstæðinga sem skipuð eru mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum og utan flokka, hafa aldrei þeytt á að brýna fyrir Íslendingum að þjóðin sé ekki vernd að herstöðvum stórveldis á Íslandi, heldur smán og niðurlægning á friðartímum og hroðaleg hætta ef til stýrjaldar kemur. Og það er ekki skoðun sem gripin er úr lausu lofti. Enga þekkingu í hernaðarfræðum þarf til að skilja jafneinfalda staðreynd og þá, að með nútímataekni stórveldanna er hver herstöð aðalandstæðinganna eins og segull, sem líklegur er til að draga að sér eldilaugar með kjarnorkusprengrum þegar á fyrstu klukkustundum stýrjaldarinnar.

Svo virðist sem jafnvel ábyrgðarmenn herstöðvanna á Íslandi séu nú loks að byrja að viðurkenna þessa staðreynd. Þeir japla að visu enn á gömlu tuggunni um „verndina“ sem íslenska þjóðin njóti vegna þess að hún hafi gengið í hernaðarbandalag og lánað land sitt undir herstöðvar, í þeirri von að enn finnist svo fávíst fólk og andvaralaust að það trúu slíku blekkingaþvaðri. En þeir eru farnir að tala um það á Alþingi að nauðsyn sé að gera ráðstafanir sem gætu orðið til þess að helmingur Reykvíkinga bjargaðist í kjarnorkuárás, eða að tíu þúsund Reykvíkingum yrði bjargað sem annars færust, að byggja verði sem snarast byrgi þar sem forseti Íslands, ríkisstjórn og „einhverjir“ alþingismanna gætu hafst við, á stað sem ekki væri beint í skotmarki. Þeim virðist loks orðið ljóst, mönnunum sem sviku bandarískar herstöðvar upp á þjóð sína, að þeir hafa ekki verið að byggja verndarstöð fyrir íslensku þjóðina á Reykjanesi, heldur hefur verið komið upp skotmarki, sem er þannig staðsett að þrír fjórðu hlutar íslensku þjóðarinnar gætu beðið fjórtjón af því skeyti sem þangað er beint. Hver veit nema erlendir Natóhershöfðingjar hafi komið Gunnari Thoroddsen og Bjarna Benediktssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni í skilning um þessar einföldu staðreyndir, sem hernámsandstæðingar hafa brýnt fyrir Íslendingum árum saman. Hver veit nema hershöfðingjum Atlanzhafsbandalagsins þyki nú tími til kominn, að hinir íslensku ábyrgðarmenn herstöðvanna fari að verða nógu forhertir til að hætta að japla gömlu tugguna um „vernd“ íslensku þjóðarinnar í sambandi við bandarísku herstöðvarnar á Íslandi og treysti Varðbergsmönnum og Morgunblaðinu, Vísi og Alþýðublaðinu til þess að láta íslensku þjóðina horfa með jafnaðargeði fram á þau örlög sem henni væri búin í kjarnorkustriði, með bandaríska herstöð í þéttbýlasta hluta landsins.

Hitt mun þó reynast, að viðurkenning sjálfra hernámsmannanna á algjöru gagnsleysi herstöðvanna til verndar þjóðinni verði til að efla þá baráttu, sem miðar að því að Ísland afsegi herstöðvarnar og eyðileggi hernaðarmannvirkni, sem tefla þjóðinni í tortímingarhættu ef ragnarök kjarnorkustýrjaldar dynja yfir. — s.

Hagaskóli:

MAÐUR OG KONA

Leikstjóri: Klemenz Jónsson

Síðustu vikur og daga hafa ófáar leiksyningar hlaupið af stokkunum í Reykjavík og nágrenni, og ærið ólíkar sem að líkum lætur. Þótt undarlegt megi kalla minnst ég engrar með meiri ánægju en skóla-sýningar vestur á Melum, en þar var „Maður og kona“ Jóns Thoroddsens flutt fyrir nokkru af pílum og stúlkum aðeins fjórtán til sextán ára gömlum, mannvænlegum unglingum og vel verki förnúm. Ekki veit ég hvort sýningum er lokið, en atburðar þessa er skylt að geta og þakka ágæta skemmtun.

Hagaskóli hefur yfir myndarlegum samkomusal að ráða og litlu og snotru leiksviði, og þær aðstæður hafa forráðamenn skólans fært sér dyggilega í nyt að því Árne Þórðarson skólastjóri segir í ávarpsorðum sínum í leikskrá. Og með „Manni og konu“ er lagt á nýjar og þroskavænlegar leiðir, sýning þessi er annað og meira en dægradvöl og stundargaman, hún er liður í náminu sjálfu og ætlað jöfnum höndum að skemmta og fræða: í stuttu máli lifandi og litauðug kennsla í íslenskri sögu. „Engin kennslubók í Íslandssögu getur frætt jafn eftirminnilega um

vissa þjóðhætti og sérkennilega skemmtilegar manngerðir og þetta leikrit gerir“, segir skólastjórinn í leikskránni og eru orð að sönnu. Sú kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi í höfuðstað landsins þekkir ekki af eigin raun menningu þá verklega og andlega sem þjóðin bjó við lítt breytta í þúsund ár og allt fram á okkar dag; en „rótarslitinn visnar visir“, tengslin við fortíðina mega ekki slitna. Í baðstofunni í Hlíð er kembt og spunnið undir sagnalestri og rímmasöng, þar segja farandmenn fréttir misjafnlega sannar; og af raunsæjum og viðfeðnum lýsingum skáldsins má glöggst kynna kröppum kjörum alþýðu og þrotlausu striti, fábreyttum skemmtunum, hindurvitnum og hjátrú. Og ætli fjölskrúðugt mál og mergjað tungutak Jóns Thoroddsens sé ekki hollara ungu fólki en það ófrjóa og andvana stagl málfræði, setningafræði og greinarmarkja sem of lengi hefur tröllriðið kennslu móðurmálsins að margra dómi?

Um leikgerð þeirra ágætu manna Emils heitins Thoroddsens og Indriða Waage hef ég áður rætt, hún er ýmsum ann-



Vinnukonurnar í Hlíð: Þórunn H.

mörkum háð, en vel við hæfi áhugaleikara, um það er þessi hugtæka sýning ljóst vitni. Leikstjóri er Klemenz Jónsson og á tvímælalaust hefur skilinn fyrir atorku sína og smekkvísi, alhlíða vandvirkni og næman skilning á þroskastigi og getu hinna kornunga leikenda. Sviðskipti eru tíð, en ganga fljótt og greiðlega, og leikurinn allur fjörugur og léttur og yfir honum sérstæður þokki æskunnar. Leikstjórinn hefur búið fólki sínu þrýðileg gervi, flestir eru leikendurnir

Á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela

Fyrsta skylda hverrar félagsstjórnar er að stjórna viðkomandi félagi í samræmi við lög þess og reglugerðir. Allir, sem við einhver félagsmál fást, munu vita þetta, en allt að einu virðist þetta hafa skolest verulega í kollinum á formanni Íðu, Guðjóni Sigurðssyni. Undanfarna mánuði hefur hann hvað eftir annað þverbrotið lög félagsins.

Það hefur verið venja í þeim verkafélögum, sem viðhafa allherjaratkvæðagreiðslu um stjórnarkjör, að halda félagsfund áður en sú atkvæðagreiðsla fer fram, svo hefur einnig verið venja í Íðu þar til fyrir síðasta stjórnarkjör. En þegar sýnt þótti að félagsstjórnin ætlaði að bregða þessari venju var henni send áskorun um fund undirrituð af tilskildum fjölda félagsmanna en í 24. gr. fé-

lagslaganna er svo fyrir mælt að stjórnin skuli halda fund í félaginu ef minnst 50 fullgildir félagsmenn óski þess skriflega og greini fundarefni. Þessum ákvæðum var fullnægt en félagsstjórnin hafði kröfuna að engu og er því um tvímælalaust lagabrot að ræða.

Svo er fyrir mælt í lögum félagsins að aðalfundur skuli haldinn í jan. eða febr. ár hvert, en nú er komið fram í apríl og ekki ennþá farið að halda aðalfund félagsins. Hér er því enn um greinilegt lagabrot að ræða. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og ber því að hafa þá tilbúna í síðasta lagi fyrir lok febrúar en þeir eru ekki enn komnir í dagsljósið.

Í 26. gr. félagslaganna er svo fyrir mælt að upphæð ársstillaga og greiðsluáðferð skuli ákveðin

á aðalfundi hverjum, fyrir yfirstandandi ár. Nú er ekki enn búið að halda aðalfund og því ekki búið að ákveða ársstillagið en þó mun vera farið að innheimta gjöld, eins og þau voru sl. ár, þó alla heimild skorti til þess. Hér er því um ennþá eitt lagabrotið að ræða.

Það má ef til vill segja að þessi lagabrot séu ekki mjög alvarleg eða veigamikil en málið er allt að einu mjög athyglisvert. Með þessu framferði er sýnd alger fyrirlitning fyrir veigamestu samþykktum félagsins, lögnum sem starfsemi þess grundvallast á. Og vissulega er sú hætta fyrir hendi að ef ekki er hér spyrnt við tóttum, komi alvarlegri lögbrot á eftir. Félagsmenn Íðu verða því að sameinast um að vita þessar aðgerðir og krefjast þess að svona hlutir komi ekki fyrir aftur.

Björn Bjarnason.



Helga Kristjánsdóttir og Inga Helgadóttir. — (Ljós. Þjóðv. A. K.).

snöggjum fullorðinslegri en ætla mátti að öryndu, skoplegir eins og ætlast er til, en aldrei afkáralegir í sjón eða raun. Tjöld og sviðsbúnað hafa nokkrir af kennurum skólans annast og unnið gott verk, þar er ekki yfir neinu að kvarta.

Þó að frammistaða leikendanna ungu sé dálítið misgóð mun óhætt að fullyrða að allir geri skyldu sína og ýmsir betur. Logandi áhugi þeirra og leikgleði leynir sér hvergi, og auðvitað þykir þeim mest í það varið að fá að tuskast ærlega á sviðinu; stundum verður leikstjórnin að grípa í taumana. Svo mörg eru hlutverkin að ógerningur er að telja nöfn leikendanna þótt vert væri, hér skal aðeins fárra getið. Mest þótti mér koma til Jóns Arnar Marínssonar er lék séra Sigvalda af öryggi og lagni og reyndist jafnan trúr hinum reifjotta klerki, lymskulegur á svip, gamall og stíður í hreyfingum og beinlínis hrumur þegar hann býður greypilegan ósigur í lokin. Vilhelm Kristinsson er kostulegur með hjálpari, ánægður með sjálfan sig, tvíbreiður og sællegur og guðorðið eðlilegt og hnittilegt í munni hans. Helga Kjaran er húsreyfjan í Hlíð, sköruleg kona og svik ekki fundin í hennar munni, og það sópar líka mikið að Sigrúnu Gunnarsdóttur, það er Staðar-Gunnu, þar er ósvikinn boldangskvenmaður á ferð. Þórhallur Sigurðsson lýsir hinum fátæka og síspólta niðursetningi Hjalmar tudda skýrt og mannlega og með greinilegri samúð. Hallgrímur Snorrason leikur Bjarna á Leiti og Jón Á. Hallgrímsson Hallvarð Hallsson, og verður tæpast sagt að framsögn þeirra sé nóg skilmerkileg og þroskuð til þess að allar furðu-

sögurnar og málæðið komi til skila, en báðir eru búnir mjög hnittilegum gervum: Hallgrímur vörpulegur og hnellinn og Jón sannur lausamaður í öllu útliti.

Piltar úr Menntaskólanum fluttu „Útilegumennina“ fyrir í vetur við göðan orðstír og rifjuðu upp gamlar þjóðlegar erfdir: sýning Hagaskóla á „Manni og konu“ stefnir í svipaða átt og ótvíræður menningarauki að báðum. Sá árangur sem hér hefur náðst ætti að verða stjórndendum og nemendum annarra skóla hvatning til dáða.

A. H.

Guðjón Guðjónsson

SEXTUGUR

Guðjón Guðjónsson Efstasundi 93 er sextugur í dag. Guðjón er Rangæingur, fæddur á Brekkum í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, foreldrar Guðbjörg Arnadóttir og Guðjón Jóngeirsson bóndi þar. Hjá þeim ólst hann upp og átti heima á Brekkum til 26 ára aldurs. Í æsku stóð hugur hans mjög til mennta, einkum tónlistar, en aðstæður voru þá ekki til þess. Á Brekkum giftist hann Jóhönnu Hallgrímsdóttur, ættaðri úr Skagafirði og var hún hjúkrunkona á Stórolfshvoli er þau kynntust. Þau bjuggu á Brekkum í hálfri annað ár, en fluttust þá til Vestmannaeyja. Í Vestmannaeyjum áttu þau heima í 11 ár, en áður hafði Guðjón verið þar á 9 vertíðum. Í Vestmannaeyjum stundaði Guðjón sjó á vélbátum fyrstu árin, en síðan vann hann í landi. Á sumrin urðu þau að fara til Siglufjarðar í síldarvinnu, því á atvinnuleysisárunum var lítið um sumarvinnu í Vestmannaeyjum.

Í Vestmannaeyjum vann Guðjón allmikið að félagsmálum, þótt hann sé að eðlisfari mjög hlédrægur maður. En félagar hans töldu hann ómissandi, og vann hann þar m.a. að leikstarfsemi á vegum stúkunnar. Í tvo vetur var hann fenginn til þess að æfa og stjórna Karla-kór verkamanna er þá starfaði þar.

Í júní 1939 fluttust þau Guðjón og Jóhanna til Eyrarbakka. Atvinnuástandið á þessum árum var þannig að þau urðu að byrja á því, nýflutt til Eyrarbakka, að fara til Siglufjarðar og vera þar í síldarvinnu um sumarið. Um haustið fór Guðjón á trillubát í Þorlákshöfn, en saman fóru slæmar gættir og lélegur affli — en landhelgin var þá 3 millur og togarnir stöðugt í hópum fyrir utan Þorlákshöfn, enda urðu nettótekjur hans að lokinni vertíð kr. 38.43. Slíkt hljómar ótrúlega nú, en þannig gat lífið verið á atvinnuleysisárunum. Guðjón kom til atvinnubóta megi koma í veg

sér brátt upp lífsháttar búskap á Eyrarbakka og fór að steypa gangstéttarhellur og vikurplötur og varð afkoman því fljótt betri.

Á Eyrarbakka var Guðjón fljótlega beðinn að koma í stúku og vann hann þar mikið að bindindismálum. Jafnframt vann hann að söngmálum fyrir ungmenntafélagið, æfði kvennakór og einnig blandaðan kór, er m.a. söng í útvarpið á þeim árum. Í kirkjukórnum var hann 7 ár, þar af formaður hans í 3 ár. Þá var Guðjón einn af stofnendum Leikfélags Eyrarbakka og lék og vann mikið starf fyrir leikfélagið. M.a. sýndi leikfélagið á þeim árum Mann og konu og Lénharð fótgeta.

Meðan Guðjón átti heima á Eyrarbakka var hann 2 vetur við húsvörslu hjá Jóni Þorsteinssyni íþróttakennara. Árið 1954 fluttu þau hjónin til Rvíkur og hefur Guðjón verið síðan



húsvörður í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Á sumrin vinnur hann í bananasölunni.

Þau Guðjón og Jóhanna eiga 2 syni, sem báðir eru búsettir hér í bænum.

Með þessum fáu línunum er fátt eitt sagt af því sem vert væri að minnst, en ég vil að síðustu senda Guðjóni og konu hans, er ætíð var óþreytandi í félagsmálastarfinu, beztu kveðjur og óska minum gamla vini til hamingju með sextugsafmæli.

Gamall vinur.

Kennedy vill 600 millj. dollara til atvinnubóta

WASHINGTON — Í erindi sem fyrir að samdrátturinn í efnahagslífinu ágerist enn.

Kennedy forseti hefur sent þinginu viðurkennir hann að síðustu tvo mánuði hafi ástandið í efnahagsmálum verið verri en búzt hefði verið við. Leggur hann því til við þingið að það veiti þegar í stað 600 milljónir dollara sem varið skuli til atvinnubóta, einkum í þeim hérnum þar sem mikið atvinnuleysi hefur lengi verið landlægt. Leggur hann áherzlu á að þingið afgreiði þessa fjárveitingu tafarlaust þar sem mikið sé í húfi. Vonir séu til að með opinberum framkvæmdum

Hugrökk stúlka

NIAGARA FALLS. — Þriggja ára gamalt stúlkubarn dvaldist alein á klettasýllu yfir öskrandi Niagara-fossunum í ellefu klukkustundir áður en hún fannst og var bjargað.

Telpa, April Hubbard að nafni, var að leik í námunda við fossana þegar hún datt og valt niður 20 metra háa brekku. Hún rakst á tré sem dró úr fallinu, og leks hafnaði hún á sýlunni.

— Hún var hrædd en hún grét ekki — kjókrði ekki einu sinni, sagði einn björgunarmaðurinn á eftir.

LONDON 3/4 — Blaðamenn sem starfa við þrjár fréttastofur Bretlands, Reuter, Press Association og Exchange Telegraph, hafa boðað verkfall 1. maí ef ekki verður gengið að kaupkröfum þeirra. Þeir krefjast þess að lágmarkslaun hækki úr £21—10 (kr. 2580) á viku í 25 sterlingspund (kr. 3000).

télagslif

Afmælisfundur Kvennafélags Reykjavíkur verður haldinn í Sjálfsteðis húsinu mánudaginn 9. apríl kl. 8. Skemmtipáttur: Rúrik og Róbert og Halli og Stína sýna myndir. Aðgöngumiðar eru seldir í verðum Gunnþórunnar Halldórsdóttur.

Loftskeytamannakonur Fundur hjá Kvenfélaginu Bygju að Bárugötu 11 kl. 8.30 í kvöld.

Lífræn efni í loftsteinum upphaflega frá jörðinni?

CHICAGO — Hinn kunnir bandaríski vísindamaður og Nóbelsverðlaunahafi, dr. Harold Urey, hefur sett fram óvænta tilgátu til skýringar því fyrirbæri að fundist hafa lífræn efni í loftsteinum sem fallið hafa til jarðar. Skýringin er sú að hin lífrænu efna-sambönd séu upphaflega frá jörðinni komin.

Urey féllst ekki á þá skoðun sem sumir vísindamenn hafa látið í ljós að hin lífrænu efna-sambönd eigi rætur sínar að rekja til annarra staða í sólkerfi okkar en jarðarinnar. Þess hefur m.a. verið getið til að þau séu leifar lífs sem þróast hafi á plánetu sem eitt sinn hafi gengið milli Mars og Júpíters, þar sem nú er asteroíðabeltið.

Urey heldur fram að hin lífrænu efni geti verið komin frá jörðinni upphaflega. „Hugsum okkur“, segir hann, „að geysistór loftsteinn hafi fallið í eitthvert úthafanna — sem að sjálfsögðu hafa verið önnur en nú — og fallhornið hafi verið tiltölulega lítið þá myndu „vatnsgusurnar“ hafa orðið gífurlegar. Vatnið sem hefði þeytzt langt frá jörðu

hefði vegna hins mikla hraða gúfað upp á leiðinni, en þétt aftur í ísnálar langt frá jörðu. Í þessum ísnálum hefðu sennilega geymt lífsfrjó sem tekið hefðu að þróast, þegar ísinn bráðnaði á yfirborði tunglsins og myndaði „höfn“ þar.

Þegar tók fyrir þá þróun og vatnið gúfaði allt upp af tunglinu geymdust hin lífrænu efna-sambönd í steingervingum á yfirborði tunglsins og þaðan eru þau nú komin aftur til jarðar. Loftsteinar sem falla á tunglið brjóta agnir úr yfirborði þess og þær berast síðan til jarðar, þar sem þær valda vísindamönnum miklum heilabrotum.